

Fundur 25.9.2023 Henning Görensen norskur maður, sem slapp frá Zíons hnetti.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Vertu velkomin.*

Stefnir þetta nú allt saman upp á við hjá mér og er það rétt skilið hjá mér að ég hafi loksins komist í samband við jörðina gömlu?

*Já já, já.*

Það er fagnaðarefni, komið þið allir blessaðir og sælir og gleður það mig að komast í sambandið og vil ég gjarnan segja frá æfi minni og lífi mínu.

*Endilega.*

Framlífi, hef ég átt erfiða æfi og er loksins að rætast úr og framfarirnar gífurlegar á síðast liðnum árum, 10 árum eða svo og líðanin öll að verða betri og betri með tímanum.

Og mér hefur legið það þungt á hjarta að komast í sambandið og segja ykkur frá reynslu minni, hef ég frá ýmsu að segja og ævin er löng og finnst mér eins og mörg æviskeið renni saman í eitt, þar sem ég fór á milli svipaðra hnatta um langt skeið og breyttist ekki líf mitt fyrr en ég losnaði, frelsaðist undan þeim örlögum fyrir um það bil 10 árum og var það mér mitt mesta fagnaðarefni í lífinu.

Og vil ég gjarnan segja frá þeirri merkilegu sögu, hvernig allt hefur stefnt upp á við síðan þá, hef ég ekki aðeins verið þeirrar gæfu aðnjótandi að safna þekkingu fyrir aðra og koma henni til skila, heldur hef ég getað nýtt hana sjálfur og ákveðið sjálfur í hvað á að nota hana og dregið ályktanir af henni sjálfur sem mér ekki leyfðist áður.

Er ég enn þá að leita að fjölskyldu minni og þeim fáu vinum sem ég átti á framlífs jörð minni sem er víst ykkar gamla jörð, en hefur mér ekki orðið nógu vel ágengt í því, en þó eru þar fáeinir frjóangar sem ég hygg að munu veita mér svör og mun ég þar ná tengslum við það fólk að nýju.

Finnst mér nú eins og mitt fyrra líf sé mikil skugga tilvera sem hún var svo sannarlega, en stóð hún yfir um svo langt skeið að mér virðist ómögulegt að losna við þann skugga, geng ég stöðugt til sálfræðinga, geðlækna til að vinna úr þeirri reynslu og vinna úr þeim fróðleik og upplýsingum sem ég hef að geyma um Jahve ríkið.

Og aðal erindi mitt við ykkur hér í kvöld er að segja frá grunn rannsóknum mínum og okkar sem vorum í stórum og fjölmennum rannsóknar hóp.

Og rannsóknar niðurstöður okkar notaðar til margra verka og ekki góðra mundi ég halda.

Minnist ég þess að frá því að ég kom inn á þessar framlífs jarðir þar sem vísinda starf var unnið og ég var fengin til að taka þátt í því, minnkaði frelsi okkar æ meira og ekki var aðeins fylgst með öllum ferðum okkar, hvert við fórum, heldur hvað við sögðum og hvaða skoðanir við hefðum.

Og þegar ég var kominn á aðra framlífs jörð mína og þá þriðju, má segja að mér hafi verið ómögulegt að flygja úr þessum aðstæðum og leið mér hörmulega illa, þar sem stöðugt var fylgst með okkur og þráði ég að losna úr þeim aðstæðum, eignast eðlilegt líf og fjölskyldu og eiga samskipti, en ekki leyfðist það, þar sem við vorum að vinna með hættulega sýkla og veirur og höndluðum ríkisleyndarmál og átti það allt að vera notað í framtíðinni af Jahve og hans herforingjum.

Og er ég hræddur um að einn fyrsti hluti þeirrar áætlunar sé Covid 19 sem skerf hefur á lent á gömlu jörðinni, er ekki svo.

Jú jú.

Og er það aðal erindi mitt hér í kvöld að segja frá því hvernig þær rannsóknir fóru fram, var ég mjög mótfallinn þessum rannsóknum og reyndi ég að streytast á móti en fundnar voru aðferðir til að brjóta niður mótstöðu þrek mitt og heilsu mína og annarra sem ég þekkti og fundu þeir aðferðir til að stjórna hugsunum okkar, jafnvel þegar ég var kominn á margar helstefnu jarðir af þessu tagi.

Og áttum við að einangra eðlispætti úr þjóð okkar, þannig að auðveldara yrði að kortleggja genamengið og koma fram ákeðnum sjúkdómum og lækna þá eftir hentugleikum.

Og erum við af þessari fornu ætt Guðanna sem sem Jahve eldar grátt silfur við, hinn Germanska ættstofn, kynstofn og er ég norskur maður, heiti ég Henning Görensen.

Dó ég fyrir nokkur hundruð árum og lærði ég af móður minni að fara með jurtir og fékk ég áhuga á því að vera lækni í framlífi og komst ég svo á kristilegan hnött og breyttist þá ýmislegt.

Dó ég á fimmtánda öld úr svarta dauða og veit ekki hvort ég kemst nánar út í það.

Hef ég talað við marga samlanda mína í gegnum sambandsfundi, stjarnanna á milli, en fjarskylda ættingja náð sambandi við, en á enn þá eftir að kynnst þeim nánar.

Já hér er margt að gera í framlífi og þykir mér Íslendingurinn Fisher hafa unnið mikið og gott starf, finn ég nú orkuna minnka en reyni að koma síðar, væri það ágætt ef þið munduð muna eftir mér og ég mundi reyna að halda áfram með þetta síðar.

*Má ég spurja þig, varst þú einn af þeim sem hann bjargaði?*

*Hann Fisher:*

Nei, ég, við gerðum uppreisn,

*Já já.*

Við fréttum af þessu og tókum þátt, það er flókið mál, vísindastörfum til þess að reyna að spilla fyrir, en það var gerð uppreisn og ég var drepinn og var það mín mesta gæfa í lífinu að komast þannig yfir, hafði Jahve séð til þess að við kæmust ekki yfir, en við gerðumst svikarar við málstaðinn og var það okkur til björgunar í því uppboti sem varð og voru þeir ekki viðbúnir þeim átökum sem urðu, og sluppum við yfir á annað aflsvæði.

*Já já takk fyrir þetta.*

Þakka ég fyrir, vona ég að ég komist í sambandið aftur, þakka ég kærlega fyrir, verið þið sælir.

*Vertu blessaður og vona að þér gangi vel.*

Já, takk fyrir.

*Vertu sæll.*